

KJARASAMNINGUR

VÉLSTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um kaup og kjör yfirvéltjóra og véltjóra
á skipum Hafrannsóknastofnunar

undirritaður 5. október 2004

Gildistími

1. september 2004 – 1. nóvember 2008

1 Kaup

1.0 Inngangur

1.0.1 **Nýtt launakerfi:** Aðilar eru sammála um að taka upp launaramma fyrir störf vélstjóra um borð í rannsóknarskipum Hafrannsóknastofnunarinnar. Tilgangur með upptöku þeirra er fyrst og fremst sá að auka sveigjanleika launakerfisins og gefa starfsmönnum og Hafrannsóknastofnuninni tækifæri til að semja sín á milli um röðun einstakra starfa. Við það skal miðað að grunnröðun hvers starfs sé A01; B01 og C01.

1.0.2 **Föst mánaðarlaun:** Föst mánaðarlaun yfirvélstjóra/vélstjóra eru samsett af grunnlaunum sbr. gr. 1.1.1 og vaktatilleggi sbr. gr. 1.10.1.

1.1 Grunnlaun

1.1.1 Grunnlaun yfirvélstjóra/vélstjóra sem gegna fullustarfi á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar (40 klst. vinnuviku) verða skv. neðangreindri launatöflu frá 1. september 2004 vera sem hér segir:

Rammi A:	2. vélstjóri		
		1. þrep	2. þrep
	A01	141.327	145.567
	A02	144.083	148.406
	A03	146.893	151.300
	A04	149.757	154.250
	A05	152.677	157.258
	A06	155.654	160.325

Rammi B:	1. vélstjóri		
		1. þrep	2. þrep
	B01	169.355	174.437
	B02	172.657	177.839
	B03	176.024	181.307
	B04	179.456	184.842
	B05	182.955	188.446
	B06	186.523	192.121
	B07	190.160	195.867

Rammi C:	Yfirvélstjóri		
		1. þrep	
	C01	212.189	
	C02	216.327	
	C03	220.545	
	C04	224.846	
	C05	229.230	

1.2 Launabreytingar

1.2.1 Á samningstímanum hækka laun sem hér segir:
1. janúar 2005 um 3,00%
1. janúar 2006 um 2,50%

1. janúar 2007 um 2,25%
1. janúar 2008 um 1,80%

1.3 Aldurshækkunir

1.3.1 Aldurshækkunir annarra en yfirvélstjóra eru 3% eftir 3 ár (2. þrep).

1.4 Útreikningur dagkaups

1.4.1 Dagkaup fyrir hvern virkan lögskráningardag finnst með því að deila með 21,67 í framangreind laun. Greiðist það á mánudegi til föstudags óháð því hvort frídagur skv. gr. 2.10 fellur á þessa daga.

1.5 Persónubundin laun

1.5.1 Að minnsta kosti einu sinni á ári skal yfirstjórn Hafrannsóknastofnunar fjalla um markmiðstengda frammistöðu vélstjóra á liðnu ári og setja ný markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því skal fjalla um kaup og kjör viðkomandi vélstjóra, þar sem meðal annars verði tekið tillit til árangurs, hæfni, starfsaldurs (samanber þó grein 1.3.1) og ábyrgðar í starfi, sem og annarra sérgreindra þátta sem Hafrannsóknastofnun metur.

1.5.2 Slíkur persónubundinn samningur er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Heimilt er án uppsagnar að breyta efnisatriðum samningsins sé um það samkomulag milli viðkomandi vélstjóra og Hafrannsóknastofnunar. Persónubundnir ráðningarsamningar milli vélstjóra og Hafrannsóknastofnunar skulu gerðir á þar til gerð eyðublöð sem hlotið hafa samþykki samningsaðila.

1.6 Yfirvinnutaxtar

1.6.1 Yfirvinnukaup vélstjóra á klst. skal ákveða þannig:

1.6.1.1 Yfirvinnutaxti A: 1,0385% af grunnlaunum skv. gr. 1.1.1.

1.6.1.2 Yfirvinnutaxti B: Grunnlaun skv. gr. 1.1.1 deilt með 173,33.

1.7 Yfirvinnutaxti A

1.7.1 Yfirvinna greiðist fyrir hverja byrjaða 1/2 klst.

1.7.2 Fyrir útkall á frívakt greiðast minnst tvær klukkustundir í yfirvinnu nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist innan einnar klukkustundar.

1.7.3 Fyrir viðhaldsvinnu utan vélarúms, viðgerðir í sambandi við rannsóknartæki, veiðarfæri, vinnu í kötlum, sveifarhúsum, botngrófum véla, undir gólfi vélarúms, tönkum og utan skips, greiðist yfirvinnutaxti A.

<p><i>Bókun 24.04.1987</i> <i>Um viðhaldsvinnu utan vélarúms í heimahöfn.</i></p>

*Vélstjórar sinni eftirliti og viðgerðum véla á dekki eftir því sem aðstæður leyfa og þeir hafa þekkingu til enda megi það verða án þess að það komi niður á störfum þeirra í vélarúmi.
Mat þessa, á undir yfirvéstjóra.
Fyrir ofangreind störf greiðist ekki sérstaklega falli þau á dagvinnutíma.*

- 1.7.4 Fyrir útkall á frívakt í heimahöfn greiðast minnst fjórar klukkustundir á yfirvinnutaxta A, nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist fyrir.
- 1.7.5 Á hafnarvakt greiðist yfirvinnutaxti A fyrir vinnu og viðveruskyldu frá kl. 12:00 til kl. 13:00 sé slíks krafist.
- 1.7.6 Yfirvéstjóri skal hafa yfirvinnurétt við viðhaldsvinnu utan vakta.
- 1.7.7 Vinna umfram 8 klst. á stórhátíðardögum sbr. gr. 2.10.2 samkvæmt ósk yfirvéstjóra greiðist með tímakaupi sem er 1,375% af grunnlaunum á mánuði. Sama á við sjómannadaginn.

1.8 Yfirvinnutaxti B

- 1.8.1 Vinnusvæði vélstjóra er ekki einskorðað við vélarúmið. Ekki er ætlast til að vélstjóri vinni við ryðhreinsun, málningu né þvotta. Óski yfirvéstjóri þess vegna sérstakra aðstæðna greiðist sú vinna með yfirvinnutaxta B, ef hún er unnin í dagvinnutíma eða á sjóvöku viðkomandi manns.
- Á öllum skipum sem ákvæði þessi ná til, skal vera undirmaður til að vinna þessi störf. Sé hann ekki fyrir hendi skal greiða hverjum vélstjóra allt að 35 klst. á yfirvinnutaxta B á mánuði og hlutfallslega fyrir skemmri skráningartíma.

1.9 Vinna á stórhátíðardögum

- 1.9.1 Fyrir hvern stórhátíðardag, sbr. gr. 2.10.2, utan heimahafnar eða unninn í heimahöfn fær vélstjóri sérstaka greiðslu sem nemur kr. 4.267 og taki sömu breytingum og almennt grunnkaup. Sama greiðsla kemur fyrir sjómannadaginn ef skip er utan innlendra hafna.

1.10 Vaktatillegg

- 1.10.1 Fyrir störf umfram 8 klst. fá vélstjórar greitt vaktatillegg á eftirfarandi hátt:
- | | |
|---------------|---------------------------------|
| Yfirvéstjóri: | 85,91 klst. á yfirvinnutaxta A. |
| 1. vélstjóri: | 57,28 klst. á yfirvinnutaxta A. |
| 2. vélstjóri: | 28,63 klst. á yfirvinnutaxta A. |

Á vaktatillegg er ekki greitt orlofsfé.

1.11 Landgöngufé yfirvéstjóra

- 1.11.1 Greiða skal yfirvéstjóra landgöngufé, kr. 4.144 á mánuði, miðað við lögskráningardaga. Landgöngufé breytist í sama hlutfalli og byrjunarlaun.

1.12 Risna yfirvélstjóra

1.12.1 Yfirvélstjórar skulu fá mánaðarlega greiðslu, kr. 4.200, til að standa straum af risnu gagnvart viðskiptamönnum stofnunarinnar. Upphæðin skal breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs á þriggja mánaða fresti.

1.13 Persónuuppbót (desemberuppbót)

1.13.1 Starfsmaður í fullu starfi sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. október.

1.13.2 Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Fyrir hvern mánuð í fullu starfi á umræddu tímabili greiðist 1/10 hluti af persónuuppbót.

1.13.3 Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelt í a.m.k. 3 mánuði/13 vikur á árinu, fá greidda persónuuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þó starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

1.13.4 Persónuuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofsfé.

1.13.5 Persónuuppbót fyrir fullt starf á tímabilinu 1. janúar til 31. október ár hvert verður sem hér segir á samningstímanum:

Á árinu 2004	kr. 38.500
Á árinu 2005	kr. 39.700
Á árinu 2006	kr. 40.700
Á árinu 2007	kr. 41.800

2 Um vinnutíma

2.0 Vakta- og vinnutilhögun

2.0 Vakta- og vinnutilhögun verði hin sama og verið hefur á skipunum.

2.1 Sjóvökuslit og settar sjóvökur

2.1.1 Slíta skal sjóvökum í heimahöfn og setja hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.

2.1.2 Þegar skip lætur úr heimahöfn skulu sjóvökur settar nema um sé að ræða færslu í eða milli heimahafna.

2.1.3 Ef viðstaða skips við bryggju, í höfn eða á hafnarlægi utan heimahafnar er skemmri en 24 klst., er skylt að slíta sjóvökum og setja hafnarvakt.

2.1.4 Yfirvélstjóri ákveður í samráði við skipstjóra hvort og hvenær sjóvökum er slitið þegar skip liggur við akkeri eða á hafnarlægi.

2.2 Sjóvökur á komu- og brottfarardögum

2.2.1 Á komu- og brottfarardögum þegar sjóvökur eru settar eða þeim slitið, má sjóvaka og vinnutími við land ekki fara fram úr 8 klst. á sama sólarhring. Yfirvinnutaxi A greiðist fyrir það sem umfram er.

2.3 Almenn ákvæði

2.3.1 Á sjóvökum skulu sunnudagar, sérstakir frídagar og stórhátíðardagar haldnir helgir svo sem venja er og vinnufyrirkomulag vera samkvæmt því.

2.3.2 Þegar stofnunin telur sig ekki geta gert upp laun vegna athugasemda sinna við launaskýrslu frá skipi, skal hún endursenda staðfestingaraðila skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Jafnist ekki ágreiningur eftir framangreindum leiðum, skal senda Vélstjórafélagi Íslands afrit af skýrsluna með athugasemdum stofnunarinnar.

Yfirlýsing 1 frá 24.04.1987

Stofnunin munu leitast við að boða brottfarir og færslur skipa með góðum fyrirvara og tilkynna það áhöfn. Einnig munu þær leitast við að láta boðaðan brottfarar- og færslutíma standast.

2.4 Vinnutími við land, í heimahöfn

2.4.1 Daglegur vinnutími á hafnarvakt er 8 klst. á tímabilinu kl. 07:00 - 18:00.

Vinna umfram 8 klst. skv. ósk yfirvélstjóra, greiðist með yfirvinnutaxta A.

- 2.4.2 Vélstjórar líti eftir vélum og vélbúnaði viðkomandi skips í heimahöfn á laugar-og sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum.
Fyrir eftirlitsferð um borð í skip eru greiddar 4 klst. á yfirvinnutaxta A.
- 2.4.3 Fyrir hverja bakvakt (24 klst.) á samningsbundnum frídegi vinnur 1. vélstjóri sér inn 1 frídag..

Bókun 03.01.1993.

Meginreglan skal vera sú að þeir vélstjórar sem skráðir eru á skipin sinni þeim viðgerðarstörfum sem fyrir liggja eins og kostur er hverju sinni. Þegar um er að ræða störf í heimahöfn skv. samkomulagi þessu skal yfirvélstjóri tilkynna viðkomandi vélstjórum það með góðum fyrirvara. Um vinnufyrirkomulag og frítöku skal vera samkomulag á milli viðkomandi útgerðar og vélstjóra.

Vinnufyrirkomulag á sjóvöktum skal vera óbreytt að öðru leyti en því að vélstjórar taka að sér að vinna þá vinnu loftskeytamanns sem menntun og kunnátta þeirra nær til svo sem vinnu við vökvakerfi fyrir astik, talstöðvageyma, siglingaljós, kallkerfi o.s.frv. Jafnframt falla niður greiðslur vegna vinnu á vöktum við veiðafæraviðgerðir þegar unnið er með brennara við keðjur lása og víra.

2.5 Verkaskipting

- 2.5.1 Á þeim skipum stofnunarinnar þar sem tveir vélstjórar eru starfandi samkvæmt heimild til fækkunar vélstjóra á grundvelli sjálfvirknibúnaðar skulu þeir skipta með sér bæði sjó- og hafnarvöktum að jöfnu.
- 2.5.2 Yfirvélstjóri og 1. vélstjóri sem eru á bakvakt á almennum frídögum skulu skipta með sér vöktum að jöfnu.

2.6 Vaktfrítt vélarúm

- 2.6.1 Á skipum búnum vaktfríum vélarúmum, samþykktum af flokkunarfélögum sem Siglingastofnun ríkisins viðurkennir og sem haldið hefur verið við samkvæmt kröfu viðkomandi flokkunarfélags, má skipafélag í samráði við yfirvélstjóra skipta vöktum á siglingu þannig, að vélstjórar gegni samtímis dagvakt frá kl. 08:00 - 17:00.
- 2.6.2 Á kallvakt (kl. 17:00 - 08:00 og kl. 12:00 - 13:00) skal vakthafandi vélstjóri vera reiðubúinn til að sinna útkalli frá sjálfvirku viðvörunarkerfi.
- 2.6.3 Fyrir hverja klst. á kallvakt fær vakthafandi vélstjóri greitt sem svarar 1/4 dagvinnustundar.
- 2.6.4 Vakthafandi vélstjóra á kallvakt ber í lok dagvinnutímabils að ganga þannig frá búnaði vélarúms, að lágmarks möguleikar verði á að til útkalls komi á eftirfarandi kallvakt.
- 2.6.5 Taki útkall skemmri tíma en 1/2 klukkustund er engin viðbótargreiðsla.
- 2.6.6 Fyrir öll önnur störf á kallvakt fá vélstjórar greitt samkvæmt yfirvinnutaxta A en þó þannig að aldrei fari saman samtímis kallvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur.
- 2.6.7 Greiða skal vélstjóra kr. 3.744 fyrir hverja kallvakt sem hann innir af hendi í viðkomandi skipi. (Greiðsla fyrir kallvakt miðast við 12 tíma). Þessi upphæð breytist með öðrum launaliðum samningsins.

Greiðsla fyrir hverja kallvakt reiknast þannig:

Grunnlaun í lfl C02 / 173,33 * 12 / 4

2.6.8 Þar sem vélstjórum hefur fækkað, á grundvelli sjálfvirks viðvörunarkerfis, skal fullt tillit tekið til þess að færri vélstjórar eru um borð, varðandi viðgerðarvinnu milli vélstjóra og verkstæða í landi.

2.7 Frídagaréttur

2.7.1 Fyrir hvern laugardag, sunnudag, sérstakan frídag og stórhátíðardag utan heimahafnar eða unninn í heimahöfn vinnur hver vélstjóri sér inn einn frídag.

2.8 Úttekt og veiting frídaga

2.8.1 Frí dagar þessir skulu veittir á virkum dögum í heimahöfn. Heimilt er þó að veita frí á öðrum stöðum óski viðkomandi yfirvélstjóri/vélstjóri þess og aðstæður leyfa.

2.8.2 Sé viðkomandi í 12 klst. fríi samfleytt miðað við hádegi og miðnætti reiknast honum 1/2 frídagur en færri klst. reiknast ekki sem frí. 1/2 úttekinn frídagur jafngildir 4 klst. vinnu.

2.8.3 Þegar yfirvélstjóri/vélstjóri er afskráður og tekur út frí, koma eingöngu virkir dagar til frádráttar innunnum frídagarétti, en ekki þeir laugar- og sunnudagar, sérstakir frí dagar og stórhátíðardagar sem falla á tímabilið.

2.8.4 Ekki er heimilt að veita frídaga fyrirfram nema viðkomandi yfirvélstjóri/vélstjóri óski þess og aðstæður leyfi.

2.9 Uppgjör frídaga

2.9.1 Þeir innunnu frí dagar samkvæmt ofanskráðu sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót skulu greiddir með 1/21,67 af mánaðarlaunum. Heimilt er þó að flytja frídaga á milli ára til úttöku síðar með samkomulagi stofnunarinnar og viðkomandi yfirvélstjóra/vélstjóra.

2.9.2 Frí dagar greiðast á þeim launum sem í gildi eru á greiðsludegi og í réttu hlutfalli við þá eða þær stöður sem yfirvélstjóri/vélstjóri hefur gegnt á skráningartíma. Þegar menn taka út frídaga skal greiða þá tyllidaga sem falla á frítímabilið.

2.10 Frí dagar

2.10.1 Sérstakir frí dagar eru þessir, enda beri engan þeirra upp á laugar- eða sunnudag:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Annar í páskum
5. Sumardagurinn fyrsti
6. 1. maí
7. Uppstigningardagur

8. 17. júní
9. Annar í hvítasunnu
10. Fyrsti mánudagur í ágúst
11. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
12. Jóladaður
13. Annar í jólum
14. Gamlársdagur eftir kl. 12:00

2.10.2 Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
7. Jóladaður
8. Gamlársdagur eftir kl. 12:00

2.11 Frídagabókhald

- 2.11.1 Sérstakt bókhald skal halda fyrir innunna frídaga, skal það greinilega sýna innunna, tekna og greidda frídaga, og haldi viðkomandi einu eintaki.
- 2.11.2 Þegar skip er í Reykjavík og vélstjóri gegnir ekki vaktskyldu á laugardegi, sunnudegi eða frídegi skv. gr. 2.10, bókast dagurinn ekki í frídagabók.

2.12 Aukafrí

- 2.12.1 Auk framangreindra frídaga skal leitast við að veita þeim fastráðnu yfirvélstjórum/vélstjórum er þess óska frí án launa í allt að 36 daga á ári. Frí þetta veitist í samráði við stofnunina eftir aðstæðum hverju sinni, utan orlofstíma.

Yfirlýsing 4 frá 24.04.1987
Stofnunin mun leitast við að veita fastráðnum yfirvélstjórum/ vélstjórum sem þess óska og starfað hafa hjá stofnunni 10 ár eða lengur, leyfi án launa í allt að einu ári, enda gildi almennar reglur um uppsagnarfresti á leyfistímanum.

2.13 Frí yfirvélstjóra

- 2.13.1 Fyrir hvern laugardag, sunnudag, sérstakan frídag og stórhátíðardag sem fellur á skráningatímabil, vinnur yfirvélstjóri sér inn einn frídag.
- 2.13.2 Við afskráningu eða áramót fær yfirvélstjóri framangreinda frídaga greidda með 1/21,67 af mánaðarlaunum. Frí dagar þessir reiknast í heilum dögum. Komu- og brottfarardagar teljast ekki sem legudagar og heldur ekki þeir dagar þegar verið er að færa skip milli hafnarsvæða, þá telst það ekki legudagur ef skip er fært utan dagvinnutíma.
- 2.13.3 Á skipum með þrjá vélstjóra dregst frá einn frídagur eftir hverja 3 samfellda legudaga í heimahöfn.

Skýringar á frádráttaraðferð:

Samtals 3 legudagar á skráningartímabilinu gera 0 daga í frádrátt.
Samtals 4 legudagar á skráningartímabilinu gera 1 dag í frádrátt.
Samtals 7 legudagar á skráningartímabilinu gera 1 dag í frádrátt.
Samtals 8 legudagar á skráningartímabilinu gera 2 daga í frádrátt.

2.13.4 Að loknum 7 samfelldum legudögum í heimahöfn tekur yfirvélstjóri út 1/8 af samfelldum legudögum.

Skýring á frádráttaraðferð:

15 samfelldir legudagar gera 1 dag í frádrátt.
22 samfelldir legudagar gera 1 dag í frádrátt.
23 samfelldir legudagar gera 2 daga í frádrátt.
30 samfelldir legudagar gera 2 daga í frádrátt.
31 samfelldir legudagar gera 3 daga í frádrátt.

Dagar þessir reiknist út eftir hvert skráningartímabil.

3 Fæði og fæðispeningar

3.1 Fæði um borð

- 3.1.1 Yfirvélstjórar/vélstjórar skulu hafa frítt fæði og skal það vera gott, hollt og hreinlega framreitt.
- 3.1.2 Á komu- og brottfarardögum skal máltíðum hagað þannig að komi skip í heimahöfn á tímabilinu 06:00 til 12:00 skal ávallt framreiddur hádegisverður. Láti skip úr höfn eftir kl. 12:00 skal framreiddur kvöldverður enda þótt brottför dragist fram yfir venjulegan kvöldverðartíma.
- 3.1.3 Séu yfirvélstjórar/vélstjórar skyldaðir til að vera um borð að næturlagi í Reykjavík, skal setja í kæliskáp brauð, álegg, egg og mjólk. Einnig skal vera aðstaða til að laga kaffi og te.

3.2 Fæðispeningar

- 3.2.1 Fæðispeningar skulu vera kr. 605 á dag, þegar greitt er fæði í heimahöfn skipsins. Upphæðin skal breytast í samræmi vísitölu neysluverðs á þriggja mánaða fresti.

4 Orlof

4.1 Orlofsárið

4.1.1 Orlofsárið er almanaksárið.

4.2 Orlofsréttur

4.2.1 Yfirléstjóra/vérléstjóra ber eftir eins árs þjónustu hjá stofnunni 30 virkra daga sumarfrí og haldi þeir fullum launum og þar með töldum fæðispeningum í 34 daga. Orlofsgreiðslur skulu vera 13,04% af öllum launum.

4.2.2 Hafi yfirléstjóri/vérléstjóri verið í þjónustu hjá stofnuninni skemur en eitt ár verður lengd orlofs og fæðispeningar í hlutfalli við þjónustutíma hans. Orlofsgreiðslur eru 10,17% af öllum launum.

4.2.3 Leyfi þetta veitist að sumri til að svo miklu leyti sem unnt er, en þó eftir samkomulagi.

Orlof telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 15. september. Þegar yfirléstjóri/vérléstjóri fer í frí á fyrrgreindu tímabili teljast fyrstu almanaksdagar til jafnlengdar orlofsdagarétti til orlofs.

Sé yfirléstjóri/vérléstjóri ekki í frí til jafnlengdar orlofsdagarétti á orlofstímabilinu teljast fyrstu úttektardagar í frí eftir að orlofstímabili lýkur til orlofs þar til orlofsdagafjöldanum er náð.

Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um fjórðung. Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni Hafrannsóknastofnunar.

4.2.4 Útreikningur fjölda orlofsdaga fyrir tiltekið tímabil. (Greiddir virkir dagar áskráningartímabili + greiddir frídagar við afskráningu) x orlofsprósenta viðkomandi = orlofsdagafjöldi (mánudaga - föstudaga).

Dæmi: Lögskráning 1.1. - 31.3.:

(Gr. dagv. 65 d. + gr. fríd. við afskr. 23 d.) x orls %.

Skv. gr. 4.2.1 = 88 dagar x 13.04% = 11.5 d. (mánud. - föstud.)

Skv. gr. 4.2.2 = 88 dagar x 10,17% = 9.0 d. (mánud. - föstud.)

4.3 Uppgjör orlofs

4.3.1 Orlofsfé og fæðispeningar greiðist með öðrum launum.

4.3.2 Orlof greiðist ekki af landgöngufé, risnu og fæðispeningum.

4.3.3 Við afskráningu þegar orlof er greitt skal reikna út orlofsdagarétt yfirléstjóra/ vérléstjóra og skal hann koma fram á launaseðli.

4.4 Veikindi í orlofi

- 4.4.1 Veikist yfirvélstjóri/vélstjóri í orlofi, telst sá tími sem veikindunum nemur ekki til orlofs, enda sanni viðkomandi með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

Tilkynna skal Hafrannsóknastofnun strax með símtali eða símskeyti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða

Standi veikindin samfelld lengur en þrjú sólarhringa, á yfirvélstjóri/vélstjóri rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem viðkomandi óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september nema sérstaklega standi á.

4.5 Orlofsuppbót

- 4.5.1 Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2004 kr. 21.100

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400

Á árinu 2007 kr. 23.000

Á árinu 2008 kr. 23.500

- 4.5.2 Hafi vélstjóri látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef vélstjóri var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

- 4.5.3 Á orlofsuppbót greiðist ekki orlofsfé.

4.6 Orlofsheimilaskjöldur VSFÍ

- 4.6.1 Í orlofsheimilaskjöld Vélstjórafélags Íslands greiðist 0,25% af öllum launum þeirra, sem samningur þessi tekur til

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður innanlands

- 5.1.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar greiðist eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.1.2 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikning. Um upphæð dagpeninga fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.1.3 Fari skipverji í frí í héraðri höfn utan Reykjavíkur, greiðir Hafrannsóknarstofnun fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við Hafrannsóknastofnunina.

5.2 Ferðakostnaður erlendis

- 5.2.1 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt fullnægjandi frumgögn.
- 5.2.2 Annar kostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum. Um upphæð þeirra fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Íbúðir

- 6.1.1 Í nýjum skipum stofnunarinnar skal vera sérstakt baðherbergi til afnota fyrir yfirvélstjóra og vélstjóra skipsins, vinnufatageymsla, svo og sérstakur klefi sem yfirvélstjórar/vélstjórar geta notað til geymslu á mælitækjum, teikningum o.fl. tilheyrandi vélakerfi skipsins.
- 6.1.2 Íbúðum skal haldið í góðri umhirðu og sé um það samkomulag milli viðkomandi yfirvélstjóra/vélstjóra og stofnunarinnar að hann annist þrif á íbúð sinni utan vinnutíma skal hann fá fyrir það greidda 1 klst. á viku. Greiða skal samkvæmt yfirvinnutaxta A efsta starfsaldursþrepi viðkomandi vélstjóra.

6.2 Rúmfatnaður

- 6.2.1 Stofnunin leggur til og sér um þvott á rúmfatnaði og handklæðum.

6.3 Eignamissir

- 6.3.1 Missi yfirvélstjóri/vélstjóri föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi við eldsvoða, sjóskaða eða þ.u.l. greiðir stofnunin honum skaðabætur samkvæmt gildandi reglugerð (nr. 225/1999).
- 6.3.2 Skemmist nokkur hluti eigna yfirvélstjóra/vélstjóra af fyrrgreindum ástæðum greiðast skaðabætur eftir mati óvilhallra manna nema samkomulag verði um bætur.

Bókun 5 frá 12.11.1997

Hafrannsóknastofnun mun í samvinnu við vélstjóra og aðrar starfstéttir sínar gera sérstakt átak til að tryggja gott heilsufar starfsmanna sinna. Liður í þeim aðgerðum er framkvæmd ýmiss konar mælinga; til að mynda heyrnarmælinga. Megintilgangur þessa átaks er að koma í veg fyrir heilsuskaða með forvarnarstarfi.

Yfirlýsing 5 frá 24.04.1987

Hafrannsóknarstofnunin lýsir því hér með yfir að hún muni aðstoða þá fastráðnu yfirvélstjóra og vélstjóra sína, sem eiga við áfengisvanda að stríða, við að komast í meðferð og gefa þeim kost á leyfi á meðan þeir dvelja á meðferðarstofnun af þessum ástæðum

7 Tryggingar

7.1. Slysatriggingar

- 7.1.1 Stofnunin skal tryggja hvern þann yfirvélstjóra/vélstjóra sem ákvæði þessi taka til í samræmi við ákvæði 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
- 7.1.2 Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatriggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingarfélaganna
- Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 7.1.3 Trygging gegn slysaáðauða og/eða varanlegri slysaörorku gildir á meðan yfirvélstjóri/vélstjóri er skráður á skipið, svo og ef hann er á launum frá stofnuninni vegna slyss eða veikinda, enda þótt hann sé afskráður vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn yfirvélstjóra/ vélstjóra á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna samningsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa sem yfirvélstjóri/vélstjóri kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en stofnunarinnar hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er yfirvélstjóri/vélstjóri verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatriggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.
- 7.1.4 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 7.1.5 Trygging þessi skerðir ekki rétt yfirvélstjóra/vélstjóra til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 7.1.6 Tryggingarfé samkvæmt þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfum á hendur stofnuninni.

7.2 Líftrygging

- 7.2.1 Stofnunin líftryggir hvern lögskráðan yfirvélstjóra/vélstjóra sem starfar samkvæmt samningi þessum. Líftryggingafjárhæðin skal vera kr. 1.500.000 frá og með 1. október 1995 [4. ársfjórðungi] og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur samkvæmt a.-lið, 1. töluliðs, 2. málsgr., 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 7.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarfjárhæðarinnar til dánarbús hins látna. Með "maka" er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar. Fyrrgreind fjárhæð lækkar þó um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti skilmálar líftryggingafélaganna um hóplíftryggingar. Tryggingin gildir frá þeim degi að maður er lögskráður í skiprúm og til þess dags sem hann er afskráður.
- 7.2.3 Veikist yfirvélstjóri/vélstjóri á skráningartíma og leiði veikindi hans til dauða innan tveggja mánaða frá afskráningu úr skipsrúmi gildir tryggingin.

8 Verkfæri og vinnuföt

8.1 Einkennisfatnaður

8.1.1 Yfirvélstjóri/vélstjóri fái dökk einkennisföt og frakka sér að kostnaðarlausu annað hvert ár en hitt árið khaki-einkennisföt og kuldaúlpu.

8.1.2 Afleysingavélstjórar fái khaki-einkennisfatnað þegar þeir hafa leyst af samtals í þrjá mánuði.

8.2 Hlífðarfatnaður

8.2.1 Stofnunin skal tryggja að í skipum hennar seu samfestingar og annar hlífðarfatnaður sem nauðsynlegur er vegna sérstakra óþrífastarfa í vélarúmum skipana.

9 Styrktar- og sjúkrasjóður VSFÍ

9.1 Styrktar- og sjúkrasjóður VSFÍ

9.1.1 Greiða skal til styrktar- og sjúkrasjóðs Vélstjórafélags Íslands 0,3% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til.

Auk þess skal greiða 0,2% sem sérstaklega er ætlað til forvarnarstarfa sbr. bókun þar um.

10 Fræðslumál

10.1 Starfsþjálfun á vegum stofnana

- 10.1.1 Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar, skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað skv. ákvæðum 5. kafla.

10.2 Launalaust leyfi

- 10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

11 Stofnanapáttur og samstarfsnefndir

11.1 Stofnanapáttur kjarasamnings

- 11.1.1 Markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.
- 11.1.2 Markmiðið er að þróa kjarasamning þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli vélstjóra og útgerðar eftir skýrum forsendum.

11.2 Viðræðuheimild

- 11.2.1 Að jafnaði taki stofnanapáttur til allra starfsmanna útgerðarinnar sem kjarasamningar hlutaðeigandi félaga taka til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.
- 11.2.2 Viðræður um stofnanapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.
- 11.2.3 Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það VSFÍ og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Rétt er báðum aðilum, vélstjórum og forsvarsmönnum stofnunar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum. Þeir geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag um stofnanapátt innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

11.3 Fulltrúar vélstjóra - forsvar í viðræðum

- 11.3.1 Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hópi eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn Hafrannsóknastofnunar.
- 11.3.2 Fulltrúum í viðræðunefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Enn fremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt er að láta þá gjalda starfa sinna í viðræðunefnd.

11.4 Upplýsingamiðlun

- 11.4.1 Áður en gengið er til gerðar stofnanasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í viðræðunefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu Hafrannsóknastofnunar.
- 11.4.2 Á gildistíma stofnanasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

11.5 Heimil frávik

- 11.5.1 Heimilt er með samkomulagi í stofnun, milli vélstjóra og stofnunar, að aðlaga ákvæði samningsins að þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

11.6 Endurgjald vélstjóra

- 11.6.1 Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild vélstjóra í þeim ávinningi sem Hafrannsóknastofnun hefur af breytingum.
- 11.6.2 Hlutur vélstjóra getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvareandi skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningunum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur Hafrannsóknastofnunar felst og svo endurgjald til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn samkvæmt 7. gr. þessa kafla.

11.7 Gildistaka, gildissvið og gildistími

- 11.7.1 Samkomulag um stofnanabátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi viðræðunefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. Heimilt er viðræðunefnd vélstjóra að óska eftir því að Vélstjórafélagið gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.
- 11.7.2 Heimilt er að láta stofnanasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt stofnanasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður; umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi vélstjóra í sams konar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi vinnuveitandi upp stofnanabætti samnings skulu launahækkningar honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

11.8 Áhrif stofnanasamnings á ráðningarkjör

- 11.8.1 Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af stofnanasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega

gerð samningsins við stjórnendur Hafrannsóknastofnunar og viðræðunefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

- 11.8.2 Ákvæði stofnanasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur samkvæmt ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

11.9 Meðferð ágreinings

- 11.9.1 Komi upp ágreiningur innan Hafrannsóknastofnunar um skilning eða framkvæmd stofnanasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar VSFÍ eða fela því málið til úrlausnar.
- 11.9.2 Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokamálslið gr. 11.7.1 getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af vélstjórum.

12 Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

12.1 Fastráðinn yfirvélstjóri/vélstjóri

- 12.1.1 Slasist eða veikist fastráðinn yfirvélstjóri/vélstjóri ber honum allt að 5 mánaða laun. Skipverji sem forfallast vegna veikinda á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur starfað sem vélstjóri/vélavörður í þjónustu útgerðarinnar. Fyrstu tvo mánuðina greiðast laun samkvæmt 1. mgr. 36 gr. sjómannalaga, en síðan 50% af mánaðarlaunum m.v. 12 mánuði í næstu 3 mánuði.
- 12.1.2 Eftir 5 ára samfelldt starf hjá stofnuninni sem yfirvélstjóri/vélstjóri ber honum þó 6 mánaða laun m.v. gr. 12.1.1.
- 12.1.3 Eftir 10 ára starf, 7,5 mánaða laun m.v. gr. 12.1.1.
- 12.1.4 Eftir 15 ára starf, 9 mánaða laun og 1/2 laun m.v. gr. 12.1.1.
- 12.1.5 Yfirvélstjóri/vélstjóri getur firt sig launarétti vegna slysa- eða veikindaforfalla sbr. 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga.

13 Tilhögun fæðingarorlofs

13.1 Gildissvið

13.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.

13.2.3 Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

14 Lífeyrissjóðsgreiðslur og viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

14.1 Lífeyrissjóður

- 14.1.1 Um lífeyrissjóðsaðild, iðgjöld og lífeyrissjóðsréttindi fer skv. lögum og reglum um lífeyrissjóði.

Mótframlag vinnuveitanda skal vera 6% til 31.12.2004, 7,5% frá 01.01.2005, 9,5% frá 01.01.2006 og 11,5% frá 01.01.2007. Mótframlag þetta byggir á eftirfarandi forsendum: Að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og ef tryggingastærðfræðilegar forsendur leiða til breytingar á mótframlagi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá breytist mótframlag samkvæmt þessari grein á sama hátt.

Frá 01.01.2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns.

14.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

- 14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

15 Launaseðill, félagsgjöld og launatöflur

15.1 Launaseðill

- 15.1.1. Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind dagvinnulaun starfsmanns það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddrar fjárhæðar.

15.2 Félagsgjöld

- 15.2.1 Hafrannsóknastofnun tekur að sér að halda eftir, af kaupi hvers yfirvélstjóra/vélstjóra félagsgjaldi hans til Vélstjórafélags Íslands, ef þess er krafist af hálfu félagsins, en það ber ábyrgð á því að gjöldin séu rétt krafín.
- 15.2.2 Iðgjöldum og félagsgjöldum verði skilað mánaðarlega til viðkomandi sjóða.

15.3 Launatöflur

- 15.3.1 Fjársýsla ríkisins í umboði fjármálaráðuneytisins, reiknar út launatöflur sem af samningi þessum leiðir. Þær skulu sendar VÍ til umsagnar áður en þær eru birtar í launagreiðslukerfi ríkisins.

16 Félagsmálefni

16.1 Forgangsréttur

- 16.1.1 Félagar í Vélstjórafélagi Íslands ganga fyrir öðrum um vinnu á skipum stofnunarinnar og gagnkvæmt.

17 Skráning, ráðning og uppsögn

17.1 Lögskráning

- 17.1.1 Svo lengi sem yfirvélstjórar/vélstjórar vinna við skip, þó því sé lagt upp, skulu þeir jafnan vera lögskráðir. Ber stofnunin fulla ábyrgð á því.
- Enginn vélstjóri eða annar starfsmaður í vélarúmi, skal skráður í skiprúm eða úr því án tilhlutunar yfirvélstjóra.

17.2 Ráðning í stöðu

- 17.2.1 Aldurshækkunar á laun vélstjóra sem starfað hefur eitt ár eða lengur hjá sömu útgerð ákvarðast af almanaksárinu.
- 17.2.2 Við ráðningu vélstjóra sem starfað hefur hjá útgerð sem ekki er aðili að samningi þessum ákvarðast aldurshækkun á laun af lögskráningardögum samkvæmt sjóferðabók að viðbættu orlofi. Starfstíma hjá stofnuninni skal meta á eftirfarandi hátt:
- Lögskráningardagar samkvæmt sjóferðabók deilt með 236 = aldurshækkun. Þó skal starfsaldur aldrei ákvarðast hærrí með þessum hætti en fastráðning hefði skilað.
- 17.2.3 Þegar yfirvélstjóri/vélstjóri hefur starfað samfelld í níu mánuði hjá stofnuninni skoðast hann fastur starfsmaður hennar.
- 17.2.4 Með orðinu "samfelld" er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem yfirvélstjóri/vélstjóri heldur einnig greiðsluskyld veikinda- og/eða slysaforföll á tímabilinu og eðlileg frí.

17.3 Uppsögn

- 17.3.1 Uppsagnarfrestur yfirvélstjóra/vélstjóra fer eftir ákvæðum 9.gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

17.4 Starfslok

- 17.4.1 Sé vélstjóra sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá stofnuninni, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef vélstjóri er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára.
- Vélstjóri getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

Bókun 2 frá 18.07.1990.

Í þeim tilgangi að auðvelda vélstjórum aðlögun að því að láta af störfum mun samninganefnd ríkisins beina þeim tilmælum til Hafrannsóknarstofnunar að stofnunin leggi sig fram um að koma til móts við óskir vélstjóra um að fá að minnka starfshlutfall sitt á síðustu árum fyrir eftirlaunaaldur.

17.5 Biðkaup

- 17.5.1 Sé yfirvélstjóri/vélstjóri ráðinn af einu skipi stofnunarinnar á annað skal hann halda mánaðarlaunum sbr. gr. 1.1.1 ásamt fæðispeningum. Sé hann fjarri heimili sínu skal stofnunin sjá honum fyrir (gistingu) húsnæði þann tíma sem hann bíður eftir skipi.
- 17.5.2 Biðkaup greiðist með 1/21,67 af grunnlaunum og vaktatilleggi fyrir hvern virkan dag sem yfirvélstjóri/vélstjóri á rétt á biðkaupi.
- 17.5.3 Yfirvélstjóri /vélstjóri á rétt á biðkaupi þegar hann hefur tekið út áunna frídaga samkvæmt 4. kafla samnings þessa.
- 17.5.4 Ekki skal taka út frídaga fyrirfram nema um það sé samkomulag milli aðila.
- 17.5.5 Þegar yfirvélstjóri/vélstjóri er í biðtíma ber honum, ef stofnunin óskar þess, að fara í nám eða störf í landi hjá stofnuninni sem eðlileg geta talist með tillit til menntunar hans og starfsreynslu.

18 Gildissvið, forsendur og gildistími samningsins

18.1 Gildissvið

18.1.1 Samningur þessi tekur til starfa yfirvélstjóra og vélstjóra á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar.

18.2 Gildistími

18.2.1 Samningur þessi gildir frá 1. september 2004 til 1. nóvember 2008 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

18.3 Samningsforsendur

18.3.1 Komi til þess að nefnd Alpýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga, nái samkomulagi um almenna launabreytingu eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir, skal sama gilda um þennan samning.

18.4 Ófriður

18.4.1 Brjótist út ófriður í Vestur-Evrópu, getur hvor samningsaðili sagt upp samningum án fyrirvara.

Reykjavík, 5. október 2004

F.h. Samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Haraldur Sverrisson (sign)
Sonja María Hreiðarsdóttir (sign.)

F.h. Vélstjórafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Helgi Laxdal (sign.)
Bjarni Sveinbjörnsson (sign.)

B Ó K A N I R

**með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Vélstórafélags Íslands
vegna Hafrannsóknastofnunarinnar
undirrituðum 5. október 2004**

Bókun 1

Frá 1. janúar 2005 skal stofnun greiða sérstakt gjald er nemi 0,15% af heildarlaunum starfsmanns í Eftirmenntunarsjóð Vélstjórafélags Íslands.

Bókun 2

Með breyttri launatöflu í kjarasamningi aðila er m.a. miðað að því að auka vægi persónutengdra þátta við röðun í launatöflu. Stofnun skal hafa lokið innröðun starfsmanna í nýja launatöflu í síðasta lagi tveimur mánuðum frá undirritun kjarasamningsins.

Bókun 3

Hvorum aðila um sig er heimilt, í marsmánuði 2006, að segja upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Nýti annar hvor aðili heimild þessa falla niður þau ákvæði samnings þessa sem ekki eru komin til framkvæmda á því tímamarki.

Samkomulag um takmörkun verkfallsréttar

Það er sameiginlegt markmið aðila að færa starfsumhverfi félagsmanna Vélstjórafélags Íslands nær því sem gildir um aðra starfsmenn ríkisins. Því hafa aðilar komist að samkomulagi um eftirfarandi:

Ákvæði III. kafla laga nr 94/1986 skulu gilda um ákvörðun og framkvæmd verkfalla félagsmanna Vélstjórafélags Íslands frá og með gildistöku samnings þessa.

Reykjavík, 5. október 2004

Haraldur Sverrisson (sign.)

Helgi Laxdal (sign.)

Bókanir og yfirlýsing um endurmenntun

Bókun 1 frá 02.03.2001

Vélstjóri á rétt á því að fara á fagtengt námskeið tvo daga á ári án skerðingar launa.

Bókun 4 frá 12.11.1997

Hafrannsóknastofnun mun fylgjast með starfi starfshóps sem skipaður verður samkvæmt bókun um endurmenntun í kjarasamningi milli VSFÍ og VSÍ og VMS frá 10. maí 1997. Hafrannsóknastofnun mun tryggja starfandi vélstjórum aðgang að námskeiðum á hliðstæðum kjörum og kaupskipaútgerðirnar. Þó er sá fyrirvari gerður að námsefnið eigi erindi við viðkomandi að mati stofnunarinnar hverju sinni.

Yfirlýsing 3 frá 24.04.1987

Aðilar eru sammála um að skipa fimm manna starfshóp, sem fjalli um endurmenntun, aðra fræðslu og menntun starfandi yfirmanna stofnunarinnar. Stofnunin skipi tvo fulltrúa og Vélstjórafélag Íslands tvo fulltrúa.

Markmiðið er að stuðla að aukinni og bættri fræðslu yfirmanna í vélstjórastétt á þeim sviðum, sem geti orðið að sem bestu gagni við störf þeirra.

Framkvæmd verði með sama hætti og verið hefur.

Fylgiskjal nr. 1

Úr Sjómannalögum nr. 35/1985

27. grein Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Um vinnu skipverja fer sem segir í kjarasamningum og lögum þessum.

Skipverji á ekki rétt á kaupum fyrir þann tíma sem hann hliðrar sér hjá að vinna án þess að næg ástæða sé til.

36. grein Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum frí er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelldt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdum veikindakaupum í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Fylgiskjal nr. 2

Úr Siglingalögum nr. 34/1985 – 172. grein

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Dánarbætur:

- a. 2.123.801 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. [44. gr.] laga um almannatryggingar.
- b. 825.921 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.
- c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. [30. gr.] laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa tölulíðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. [30. gr.] laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt [28. gr.] laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 53.690 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1–25%, 107.380 kr. á bilinu frá 26–50% og 161.070 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

Fylgiskjal nr. 3

Yfirlýsing frá 12.11.1997

Hafrannsóknastofnunin lýsir því yfir að keypt verði frá og með undirritun kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna vélstjóra í þjónustu Hafrannsóknastofnunarinnar viðbótartrygging til hækkunar á eingreiðslu dánarbóta slysatryggingar farmanna samkvæmt a. og b. lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þegar um er að ræða eftirlifandi maka og börn. Samtala eingreiðslu dánarbóta slysatryggingarinnar samkvæmt 172. gr. siglingalaga og viðbótartryggingu samkvæmt þessari yfirlýsingu hækki í kr. 3.000.000 frá 1. júní 1997 að því tilskyldu að ofangreindur kjarasamningur verði samþykktur. Viðbótartrygging fylgi sömu verðlagsbreytingu og dánarbætur slysatryggingarinnar samkvæmt 172. gr.